

Lögreglan í Reykjavík segir ástand geðfatlaðra afbrotamanna hræðilegt:

# Veikasta fólkið er á götunni

– tugi bráðarúma vantar til að leysa brýnasta vandann

„Ástandið er í einu orði sagt hræðilegt hér í bænum og okkar mat í lögreglunni er það að veikasta fólkið sé á götunni. Sumt af þessu fólki, sem við þurfum iðulega að hafa afskipti af, er svo hræðilega geðveikt að það er umhverfinu stórhættulegt, sem og sjálfu sér,“ segir lögreglumaður í Reykjavík í samtali við DV um það hvernig ástand geðfatlaðra afbrotamanna birtist lögreglunni.

Fréttir frá því í síðustu viku, þar sem sagt var frá því að geðfatlaður maður réðst á og slasaði stjúpfóður sinn, hefur enn á ný vakið upp spurningar um aðbúnað geðfatlaðs fólks sem komist hefur í kast við lög.

## Útskrifar sig sjálf

„Við höfum mikil afskipti af þessu fólki, fáum fjölda útkalla vegna þess og staðreyndin er sú að

þótt við komum því fyrir á stofnunum þá er það farið út samdægurs. Við erum að glíma við mikið veika einstaklinga og þeir sem síst skyldi útskrifa sig sjálfir,“ segir lögreglumaðurinn. Hann segir lögreglumenn hafa rekið sig á að hringi þeir á stofnanirnar og segi til nafns þess sem um sé að ræða þá sé þeim sagt að allt sé fullt. Í þau fáu skipti hins vegar þegar geðveikur maður komi til lögreglunnar og biðji um aðstoð, og hún hringi vegna hans, þá sé nóg pláss.

## Vilja ekki þá erfiðustu

„Stofnanirnar vilja ekki fá erfiðustu einstaklingana því þær virðast ekki hafa neina aðstöðu til þess að sinna þeim. Eina ráðið sem lögreglan hefur er þess vegna oftast en ekki að vista þetta fólk tímabundið í fangageymslunum og það finnst okkur alveg hræðilegt. Þetta er

veikt fólk á öllum aldri og í ofanálag fylgir því oft á tíðum áfengis- og dópneysla. Fangelsin eru ekki rétti staðurinn fyrir slíkt fólk. Oft eru það ættingjar og vinir sem verða fyrir barðinu á þessu fólki og þeir vilja sjaldnast kæra. Þegar kærur berast ekki eru hendur okkar bundnar, nema til skammtímavistunarinnar.“

Lögreglan telur ástandið hafa verið viðvarandi lengi og athygli vekur að hún segist ekki finna mikið fyrir skammtímabundinni lokun deilda.

„Ástæðan fyrir því er einföld, þetta er alltaf sama fólkið og það er einfaldlega á götunni hvort eð er,“ segir lögreglan.

## Snýst allt um peninga

Geðhjálp annast stuðningsþjónustu fyrir geðfatlaða og þar hefur verið reynt að vinna að réttinda-

baráttu fyrir allt geðfatlað fólk og fjölskyldur þess. Karl Valdímarsson er forstöðumaður stuðningsþjónustunnar.

„Stærsta vandamálið sem við er að glíma er millistigið milli þess þegar fólk fer út af deild og út í þjóðfélagið. Þetta fólk þarf á stuðningi að halda til þess að ráða við aðstæður sínar en það eru hreinlega ekki til nógu miklir peningar til þess að það sé framkvæmanlegt. Þetta snýst allt um peninga og af þeim er ekki til nóg svo standa megi að þessu með sæmd. Kerfið sem við búum við er of máttlaust,“ segir Karl og bætir við að hann geti alveg tekið undir það með lögreglunni að mikið veikt fólk sé á götunni.

## Vantar tugi bráðarúma

Karl segir að á Sogni sé unnið mikið og gott starf en þar séu að

eins sex til átta pláss fyrir ósak- hæfa einstaklinga. Að auki þurfi að dæma menn til vistunar þar.

Hann segir að Geðhjálp hafi átt gott samstarf við spítalana en yfirleitt hafi stofnanir hér ekki aðstöðu til þess að vista geðfatlað fólk sem brotið hafi af sér. Ljóst sé að hér á landi vanti tugi bráðarúma til þess að anna þeirri þörf sem fyrir hendi sé. En býr þetta fólk á götunni?

„Sumir eru hreinlega á götunni en það ríkir mikill náungakærleikur á milli þessa fólks þannig að það vistar hvað annað. Hins vegar er ljóst að það húsnæði sem margir hafa er langt frá því að vera boðlegt. Ég vil ekki meina að bæta þurfi fangelsisþáttinn því fangelsin eru engin lausn fyrir þetta fólk. Við þurfum úrræði í húsnæðismálum og stuðningsmálum og til þess þurfum við fjármagn,“ segir Karl Valdímarsson. -sv